

Ársskýrsla  
kærunefndar  
jafnréttismála  
2022

**Ársskýrsla kæruneftndar  
jafnréttismála 2022**

Ársskýrslan er unnin til  
samræmis við 2. mgr. 11.  
gr. laga nr. 151/2020, um  
stjórnslu jafnréttismála.

**Umsjón og ritstjórn:**

Kristín Benediktsdóttir  
formaður

**Útgefandi:**

Kæruneftnd jafnréttismála  
Hverfisgötu 4a  
101 Reykjavík  
Netfang: knj@knj.is

**ISSN 2772-1671**

# Efnisyfirlit

Ávarp formanns .....	4
Hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, aðild, kærufrestur og málsmeðferð .....	6
Skipan kæruneftndar jafnréttismála .....	7
Tölfræði mála .....	8
Niðurstöður mála á árinu 2022 .....	13
Kyn .....	13
Kyn. Launamunur. Leiðréttingarkrafa .....	14
Kyn. Launamunur. Leiðréttingarkrafa. Kynþáttur. ....	14
Kyn. Aldur. ....	15
Aldur. ....	15
Fötlun. ....	16
Kynbundin og kynferðisleg áreitni. Áreitni vegna trúarskoðana. ....	17
Málsmeðferðartími kæruneftndar jafnréttismála .....	18

## Ávarp formanns

Skýrsla þessi er önnur skýrsla kærunefndar jafnréttismála sem skilað er til forsætisráðherra um störf nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála. Í skýrslunni er að finna upplýsingar um fjölda kærumála hjá nefndinni á árinu 2022, afgreiðslutíma og umfjöllun um niðurstöður þeirra mála sem voru afgreidd á því ári.

Lög nr. 151/2020 gilda um störf kærunefndar jafnréttismála þegar hún tekur til meðferðar kærur sem til hennar er beint eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 150/2020, nr. 85/2018 og nr. 86/2018 og kveður upp skriflegan bindandi úrskurð gagnvart málsaðilum um hvort ákvæði þessara laga hafi verið brotin. Kærunefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og sæta úrskurðir hennar ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Málin sem koma til kasta kærunefndar jafnréttismála á grundvelli fyrrnefndra lagabálka eru fjölbreytt. Þannig geta þau varðað mismunun innan og utan vinnumarkaðar á grundvelli kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Valdsvið nefndarinnar er því umfangsmikið jafnvel þótt ákveðins samhljóms gæti í þessum þremur lagabálkum. Í samræmi við það hefur málum fjölgað fyrir nefndinni þar sem reynir á hinar ýmsu mismununarástæður, bæði hjá opinberum aðilum og einkaaðilum. Þá eru jafnréttismál oftast lagalega flókin og taka því tíma í meðförum nefndarinnar sem ber að rannsaka mál með fullnægjandi hætti svo hægt sé að komast að niðurstöðu um það hvort jafnréttislög hafi verið brotin. Hér er einnig rétt að geta þess að nefndarmenn sinna nefndarstarfinu í aukastarfi, auk þess sem ritari nefndarinnar sinnir starfinu í hlutastarfi meðfram öðrum störfum fyrir forsætisráðuneytið. Þetta hefur óneitanlega áhrif á málsmeðferðartíma fyrir nefndinni.

Eins og undanfarin ár varða flest málin sem lokið var á árinu 2022 mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði, eða samtals sex. Fallist var á brot í tveimur þeirra sem vörðuðu að auki launamun og leiðréttingarkröfu, þar af varðaði annað þeirra að auki mismunun á grundvelli kynþáttar. Þá vörðuðu þrjú þessara mála mismunun á grundvelli aldurs en fallist var á brot í einu þeirra. Þá varðaði eitt málið mismunun á grundvelli fötlunar og eitt kynbundna og kynferðislega áreitni og áreitni vegna trúarskoðana en í hvorugu þeirra var fallist á brot.

Af þeim úrskurðum sem voru kveðnir upp á árinu 2022 var fallist á brot í þremur málum af tíu sem fengu efnislega umfjöllun fyrir nefndinni. Í samræmi við sönnunarreglu jafnréttislaga tókst gagnaðila í þessum málum ekki að sýna fram á að aðrar ástæður hafi legið að baki ákvörðun hans en þær sem leiddu til brots gegn ákvæðum jafnréttislaga. Í þessu felst að tæplega þriðjungur, eða 30%, af málunum leiddi til brots á jafnréttislögum sem er örlítið hærra hlutfall en á síðasta ári þegar það var 25%.

Ágúst 2023

**Kristín Benediktsdóttir**

## Hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, aðild, kærufrestur og málsmeðferð

Kæruneftnd jafnréttismála er starfrækt á grundvelli III. kafla laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna er hlutverk nefndarinnar að taka til meðferðar kærur sem beint er til hennar eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um jafnréttismál, sbr. 1. gr. laganna, og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði þeirra laga hafi verið brotin.

Með lögum um jafnréttismál er átt við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem telja að ákvæði framangreindra laga hafi verið brotin gagnvart sér geta leitað atbeina kæruneftndar jafnréttismála, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála. Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að vitneskja um ætlað brot á lögum um jafnréttismál lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á hlutaðeigandi lögum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020. Málsmeðferð fyrir kæruneftndinni er að jafnaði skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund telji nefndin ástæðu til.

Kæruneftndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og úrskurðir hennar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi gagnvart málsaðilum en þeim er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Með lögum nr. 151/2020 kom inn það nýmæli að kæruneftnd jafnréttismála skuli stefnt ásamt kæranda til varnar í málum þar sem úrskurður er kæranda í hag en gagnaðili höfðar mál til ógildingar úrskurði. Ekki hefur enn reynt á aðild kæruneftndar fyrir dómstólum.

## Skipan kærunefndar jafnréttismála

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn, þar af bæði formann og varaformann. Þeir skulu allir hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði og a.m.k. tveir þeirra, þar á meðal formaður, hafa sérþekkingu á sviði jafnréttismála, þar af einn á jafnrétti kynjanna og einn á jafnrétti í víðtækari merkingu. Formaður og varaformaður, sem jafnframt er aðalmaður, skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Jafn margir varamenn eru skipaðir með sama hætti.


Engar breytingar urðu á skipan kærunefndar jafnréttismála árið 2022 en hana skipuðu Kristín Benediktsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Andri Árnason, lögmaður sem jafnframt er varaformaður nefndarinnar, og Anna Tryggvadóttir, skrifstofustjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Varamenn voru Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, Ari Karlsson lögmaður og Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri í dómismálaráðuneytinu.

Kærunefnd jafnréttismála hefur aðsetur hjá forsætisráðuneytinu og nýtur aðstoðar starfsmanns þess í hlutastöðu. Ritari nefndarinnar er Ingigerður Bjarndís Írisar Ágústsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála, sem tók við af Kristínu Þóru Harðardóttur lögfræðingi í september 2022.

## Tölfræði mála

Árið 2022 voru 22 mál stofnuð í málaskrá kærunefndar jafnréttismála. Líkt og sjá má á meðfylgjandi skýringarmynd hefur málum fjölgað undanfarin ár og voru þau til að mynda ríflega þrefalt fleiri árið 2022 en árið 2019.

Mynd 1: *Fjöldi kærumála hjá kærunefnd jafnréttismála árin 1992–2022.*





Tafla 1: *Mál stofnuð í málaskrá kæruneftndar jafnréttismála árið 2022.*

Mánuður	Fjöldi mála
Janúar	0
Febrúar	2
Mars	5
Apríl	1
Maí	3
Júní	0
Júlí	0
Ágúst	1
September	1
Október	2
Nóvember	3
Desember	4
<b>Samtals</b>	<b>22</b>

Hér á eftir er yfirlit yfir mál sem bárust kæruneftnd jafnréttismála á árunum 2020-2022. Í fremsta dálki er tilgreint efni kæru og í sviga sú mismununarástæða sem kærandi tilgreinir. Í aftasta dálki eru kærur flokkaðar eftir því hvort kærandi starfar hjá atvinnurekanda á almennum vinnumarkaði eða hinum opinbera. Til opinbera vinnumarkaðarins heyra ríki og sveitarfélög en almenni vinnumarkaðurinn tekur til atvinnurekanda á einkamarkaði.

Tafla 2: *Yfirlit mála fyrir kæruneftnd jafnréttismála 2020-2022.*

## 2020

Efni kæru	Niðurstaða	Kærandi	Opinberi/Almenni
Ráðning (kyn)	Frávísun	kk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Almenni (ohf.)
Ráðning (kyn)	Brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Almenni (ohf.)

Ráðning (kyn)	Brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Veiting þjónustu (kyn)	Ekki brot	kk	Almenni
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Afturkallað	kvk	Almenni (ohf.)
Ráðning (jöfn meðferð)	Ekki brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	Brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (aldur)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Uppsögn á meðgöngu	Ekki brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	Brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)

## 2021

Efni kærú	Niðurstaða	Kærandi	Opinberi/Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Uppsögn (kyn og þjóðerni)	Brot	kvk	Opinberi (bs.)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Uppsögn (skert starfsgeta)	Ekki brot	kvk	Almenni
Uppsögn (aldur)	Brot	kk	Almenni (ohf.)
Ráðning (aldur)	Brot	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (aldur)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Skipun í nefnd (kyn)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Úthlutun úr sjóði (aldur)	Afturkallað	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Starfsréttindi (aldur)	Frávísun	kk	Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (sveitarf.)
Uppsögn (aldur)	Frávísun	kk	Opinberi (ríkið)
Uppsögn (leiðréttingarkrafa)	Brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Almenni

Agaviðurlög (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Uppsögn (leiðréttingarkrafa)	Brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Almenni
Ráðning (aldur)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Áreitni (kyn, trúarskóðanir)	Ekki brot	kvk	Almenni

## 2022

Efni kærú	Niðurstaða	Kærandi	Opinberi/Almenni
Ráðning (fötlun)	Ekki brot	kvk	Opinberi (sveitarf.)
Launasetning (kyn)	Ekki brot	kk	Opinberi (ríkið)
Launasetning (kyn)	Afturkallað	kvk	Almenni
Uppsögn í fæðingarorlofi	Brot	kvk	Almenni
Ráðning (aldur)	Afturkallað	kvk	Opinberi (ríkið)
Launasetning (kyn)	Fellt niður	kvk	Almenni
Launasetning (kyn)	Brot	kvk	Almenni
Launasetning (kyn og þjóðerni)	Brot	kvk	Opinberi (sveitarf.)
Uppsögn á meðgöngu	Brot	kvk	Almenni
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kvk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kvk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Opinberi (ríkið)
Uppsögn (þjóðernisuppruni)	(Ólokið)	kvk	Almenni
Veiting þjónustu (fötlun)	(Ólokið)	kvk	Almenni
Ráðning (þjóðernisuppruni)	(Ólokið)	kvk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn)	(Ólokið)	kk	Almenni
Meðferð (aldur)	Frávísun	kk	Almenni
Ráðning (fötlun)	(Ólokið)	kvk	Opinberi (sveitarf.)
Ráðning (kyn)	(Ólokið)	kk	Opinberi (ríkið)
Ráðning (fötlun)	(Ólokið)	kk	Almenni (ohf.)
Uppsögn í tæknifrjógunarferli	(Ólokið)	kvk	Almenni
Úthlutun úr sjóði (fötlun og skert starfsgeta)	(Ólokið)	kk	Almenni

Tafla 3 sýnir fjölda mála og niðurstöðu á árunum 2020-2022. Í ágúst 2023 var enn ólokið níu málum frá fyrra ári.

Tafla 3: *Fjöldi mála fyrir kærunefnd jafnréttismála.*

	2020	2021	2022
<b>Kæror</b>	23	20	22
þar af:			
<b>Brot</b>	6	5	4
<b>Ekki brot</b>	15	12	5
<b>Frávísun</b>	1	2	1
<b>Kæra afturkölluð af aðila</b>	1	1	2
<b>Mál fellt niður</b>			1
<b>Í vinnslu í ágúst 2023</b>			9

Samkvæmt lögum nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála geta einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Í töflu 4 eru mál flokkuð eftir málshefjendum.

Tafla 4: *Málshefjendur kærumála árin 2020-2022.*

Ár	Kærandi: kk	Kærandi: kvk	Kærandi: kynhlutlaus skráning*	Kærandi: félagasamtök /stéttarfélag
2020	12	11		
2021	10	10		
2022	6	16		

\*Með lögum nr. 150/2020 varð sú breyting að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna taka nú í heild sinni einnig til einstaklinga sem hafa hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá. Frá gildistöku laganna hefur ekki borist kæra frá einstaklingi með hlutlausa skráningu kyns til kærunefndarinnar.

## Niðurstöður mála á árinu 2022

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum mála sem var lokið á árinu 2022.

### Kyn.

**Mál nr. 13/2021 frá 6. maí 2022 (A gegn Reykjavíkurborg). Ekki fallist á brot.**

A kærði ákvörðun R um að ráða konu í starf stjórnanda atvinnu- og virknimiðlunar hjá sveitarfélaginu. Að mati kærunefndar var ekki sýnt fram á að A hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að R hefði gerst brotleg við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

**Mál nr. 16/2021 frá 31. maí 2022 (A gegn Alcoa Fjarðaáli sf.). Ekki fallist á brot.**

A kærði ákvörðun A sf. um að ráða þrjá karla í starf leiðtoga í skautsmiðju. Að mati kærunefndar var ekki sýnt fram á að A hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að A sf. hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

**Mál nr. 17/2021 frá 1. mars 2022 (A gegn Háskóla Íslands). Ekki fallist á brot.**

Kærð var ákvörðun skóla um agaviðurlög sem kærandi taldi hafa falið í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Að mati kærunefndar jafnréttismála hafði hvorki verið sýnt fram á né gert líklegt að kynferði kæranda hefði skipt máli við

ákvörðun um agaviðurlög. Var því ekki fallist á að kærði hefði brotið gegn lögum nr. 150/2020.

## **Kyn. Launamunur. Leiðréttingarkrafa.**

**Mál nr. 15/2021 frá 27. apríl 2022 (A gegn Terra umhverfisþjónustu hf.). Fallist á brot.**

A kærði mismun á launum hennar og tveggja karlkyns starfsmanna hjá T hf. þegar hún gegndi starfi framkvæmdastjóra hjá fyrirtækinu. Þá kærði hún þá ákvörðun fyrirtækisins að segja henni upp störfum í kjölfar þess að hún leitaði eftir leiðréttingu á þessum launamun. Fallist var á að A hefði leitt líkur að því að laun hennar hefðu verið ákvörðuð lægri fyrir sömu eða jafn verðmæt störf, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 6. gr. laga nr. 150/2020, og að henni hefði verið sagt upp störfum sökum þess að hún hefði krafist leiðréttingar á grundvelli laga nr. 150/2020, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Samkvæmt því kom það í hlut kærða að sýna fram á að munurinn á laununum skýrðist af öðrum þáttum en kyni og að uppsögnin grundvallaðist ekki á leiðréttingarkröfu kæranda. Var það niðurstaða kærunefndar að það hefði ekki tekist hjá T hf. Hefði A því verið mismunad á grundvelli kyns í launum, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 150/2020, sbr. 6. gr. sömu laga nr. 86/2018, þegar hún gegndi starfi framkvæmdastjóra hjá T hf., og að kæranda hefði verið sagt upp störfum sökum þess að hún hefði krafist leiðréttingar á grundvelli laganna, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 150/2020.

## **Kyn. Launamunur. Leiðréttingarkrafa. Kynþáttur.**

**Mál nr. 18/2021 frá 30. desember 2022 (A gegn B ehf.). Fallist á brot að hluta.**

A kærði ákvörðun B ehf. um að segja henni upp störfum í kjölfar þess að hún krafðist leiðréttingar á launum og kjörum sínum hjá B ehf. vegna mismununar á grundvelli kyns og kynþáttar. Ekki var fallist á að A hefði leitt líkur að því að laun hennar og önnur kjör, sem leiðréttingarkrafa hennar laut að, hefðu verið ákvörðuð lægri fyrir sömu eða jafn verðmæt störf, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 150/2020 og 1. mgr. 9. gr. og 15. gr. laga nr. 86/2018. Í samræmi við þá niðurstöðu var ekki heldur talið að sýnt hefði verið fram á að A hefði orðið fyrir

fjölþættri mismunun. Hins vegar var fallist á að hún hefði leitt líkur að því að henni hefði verið sagt upp störfum sökum þess að hún hefði krafist leiðréttingar á kjörum sínum vegna mismununar á grundvelli laga nr. 150/2020, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna, og laga nr. 86/2018, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna. Kom því í hlut kærða að sýna fram á að uppsögnin grundvallaðist ekki á leiðréttingarkröfu kæranda en að mati nefndarinnar hafði það ekki tekist hjá B ehf. Var því niðurstaða kærunefndar sú að A hefði verið sagt upp störfum sökum þess að hún hefði krafist leiðréttingar á grundvelli laga nr. 150/2020 og laga nr. 86/2018. Var B ehf. gert að greiða A málskostnað.

## Kyn. Aldur.

**Mál nr. 11/2021 frá 2. mars 2022 (A gegn Akureyrarbæ). Ekki fallist á brot.**

A kærði ákvörðun Akureyrarbæjar um að ráða konu sem er yngri en hann í starf umsjónar- og stærðfræðikennara í grunnskóla á vegum bæjarins. Að mati nefndarinnar hafði hvorki verið sýnt fram á að A hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, né aldurs, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Var því hvorki fallist á að Akureyrarbær hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020 né lög nr. 86/2018.

## Aldur.

**Mál nr. 6/2021 frá 31. janúar 2022 (A gegn Isavia ANS ehf.). Fallist á brot.**

A kærði starfslok hjá I ehf. með vísan til þess að um hafi verið að ræða mismunun á grundvelli aldurs. Að mati kærunefndarinnar laut málið að því að kærði tók ákvörðun um starfslok kæranda sem eingöngu var byggð á aldri hans. Samkvæmt því var um að ræða beina mismunun á grundvelli aldurs sem er óheimil, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 1. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr., laga nr. 86/2018. Ekki var fallist á að kærði hefði fært málefnaleg rök fyrir þeirri íþyngjandi meðferð sem kæranda var gert að sæta sem hafi helgast af lögmætu markmiði sem ekki var unnt að ná með öðru og vægara móti, sbr. 12. gr. laga nr. 86/2018. Varð því ekki hjá því komist að telja að starfslok kæranda hjá kærða hefðu verið

andstæð lögum nr. 86/2018. Samkvæmt því var talið að kærða hefði ekki tekist að sýna fram á að aðrar ástæður en aldur hefðu legið til grundvallar ákvörðun hans, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018. Var það því niðurstaða kærunefndar jafnréttismála að starfslok kæranda hjá kærða hefðu falið í sér mismunun gagnvart kæranda á grundvelli aldurs hans, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018.

**Mál nr. 20/2021 frá 11. júlí 2022 (A gegn Landspítala). Ekki fallist á brot.**

A kærði ákvörðun L um að ráða konu sem er yngri en hún í starf verkefnastjóra. Að mati nefndarinnar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli aldurs við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að L hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

**Mál nr. 17/2022 frá 21. desember 2022 (A gegn Icelandair ehf.). Frávísun.**

Kærandi kærði þá meðferð I ehf. að krefja hann um skilríki í innanlandsflugi en ekki börn. Þar sem ákvæði laga nr. 63/2022 sem breyttu lögum nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, öðlast ekki gildi varðandi mismunandi meðferð á grundvelli aldurs fyrr en 1. júlí 2024 var kærinni vísað frá nefndinni.

## **Fötlun.**

**Mál nr. 1/2022 frá 24. október 2022 (A gegn Rangárþingi eystra). Ekki fallist á brot.**

A, sem er með fötlun, kærði ákvörðun R um að falla frá ráðningu í starf deildarstjóra VISS og í framhaldinu ráða einn umsækjandann tímabundið í starfið. Taldi A að með þessum ákvörðunum hefði R brotið gegn lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Að mati nefndarinnar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli fötlunar við umræddar ákvarðanir. Var því ekki fallist á að R hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018.



## Kynbundin og kynferðisleg áreitni. Áreitni vegna trúarskoðana.

**Mál nr. 21/2021 frá 18. maí 2022 (A gegn B). Ekki fallist á brot.**

A kærði endurtekna kynbundna og kynferðislega áreitni og áreitni vegna trúarskoðana af hendi yfirmanns í starfi hjá B. Tekið var fram að gögn sem lágu fyrir í málinu bentu ekki til annars en að kærði hefði bætt vinnuáðstæður og vinnuskilyrði kæranda eftir að málið kom upp. Var því ekki talið að sýnt hefði verið fram á að B hefði mismunað kæranda í starfi og því hvorki fallist á að kærði hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020 né lög nr. 86/2018.

# Málsmeðferðartími kærunefndar jafnréttismála

Samkvæmt lögum nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála skal kærunefnd jafnréttismála kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að gagnaöflun er lokið.

Málsmeðferðartími nefndarinnar árið 2022 var að meðaltali 214 dagar frá kæru til úrskurðar. Að meðaltali liðu 59 dagar á árinu 2022 frá því að síðasta gagn lá fyrir í máli þar til kveðinn var upp úrskurður.

Tafla 5: *Málsmeðferðartími kærunefndar jafnréttismála árið 2022.*

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrskurðar	Dagar frá kæru	Dagar frá síðustu gögnum
6/2021	15.3.2021	22.9.2021	31.1.2022	322	131
11/2021	13.8.2021	31.1.2022	2.3.2022	201	30
13/2021	27.9.2021	2.3.2022	6.5.2022	221	65
15/2021	5.10.2021	4.4.2022	27.4.2022	204	23
16/2021	23.10.2021	3.2.2022	31.5.2022	220	117
17/2021	30.10.2021	8.2.2022	1.3.2022	122	21
18/2021	1.11.2021	29.12.2022	30.12.2022	424	1
20/2021	20.12.2021	17.2.2022	11.7.2022	203	144
21/2021	22.12.2021	4.3.2022	18.5.2022	147	75
1/2022	15.2.2022	21.10.2022	24.10.2022	251	3
17/2022	10.11.2022	10.11.2022	21.12.2022	41	41

